

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði Fáskrúðsfirði



<b>Dags eftirlits</b>	23.10.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Hákon Hansson
<b>Fyrirtæki</b>	Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Hafnargötu 1, Fáskrúðsfirði	<b>Tegund eftirlits</b>	Framselt eftirlit
<b>Kennitala</b>	5812012650	<b>Flokkur</b>	Fiskimjölsverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Magnús Arngrímsson	<b>ÍSAT nr.</b>	15.20.72
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	735718,92 501484,078

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu kom fram eitt frávik varðandi fitu í frárennsli.

Þegar eftirlit fór fram hafði verksmiðjan unnið úr u.þ.b. 30.600 tonnum af hráefni, aðallega loðnu, en einnig síld, makríl og kolmunna. Varðandi síld og makríl er fyrst og fremst um að ræða hrat frá frystihúsi fyrirtækisins, þ.e. hausar, slóg og úrkast, sem fer til bræðslu. Unnin voru 900 tonn af loðnuhrognum.

Allt löndunarvatn frá bræðslulöndun er tekið inn í verksmiðjuna og unnið, en löndunarvatn frá manneldislöndun fer í hráefnistank, sest þar og set og flot er tekið í gegnum vinnslu, en vökvi fer síðan í gegnum fitugildru.

Búið er að byggja eiturefnageymslu.

Allt athafnasvæði og umhverfi verksmiðjunnar er snyrtilegt öll umgengni bæði utan húss og innan er til fyrirmyndar. Hvergi var að sjá mengun eða óþrifnað sem rekja má til starfsemi verksmiðjunnar.

Grænu bókhaldi hefur verið skilað undanfarin ár, síðast í maí 2013 fyrir 2012

Þar koma fram upplýsingar um fitu, svifefni og COD í frárennsli frá hreinsibúnaði verksmiðjunnar á hverjum sólarhring sem vinnsla fer fram. Þar kemur einnig fram að útblásturshraði úr skorsteini er lágmarki 20 m/sek. sem er í samræmi við grein 3.5. í starfsleyfi.

## UMFANG EFTIRLITS

Í upphafi eftirlits var fundað með verksmiðjustjóra.

Farið var yfir starfsleyfi fyrirtækisins og síðustu eftirlitsskýrslu. Síðan var verksmiðjan og umhverfi hennar skoðað í fylgd verksmiðjustjóra og fleiri starfsmanna. Engar kvartanir hafa borist eftirlitsaðila á þessu ári. Farið var yfir mælingu á heildarlosun mengandi efna, sem kemur fram í skýrslu frá mars 2013. Þar kemur m.a. fram að fita var mæld 479 mg/l, COD eftir fitugildru 0,55 kg/tonn hráefnis, svifagnir eftir fitugildru 93,2 g/tonn hráefnis. Rennslismæling: 103,6 m<sup>3</sup> á sólarhring.

COD mæling í sjósýni 12,9 g/tonn hráefnis og svifagnir í sjósýni mældar 85,1 g/tonn.

TVN er mælt og skráð reglulega.

Búið er að setja upp rafskautaketil. Jafnframt hefur hreinsibúnaði hefur verið breytt, og settur upp nýr 50 m hár reykháfur. Afsogsloft frá tækjum er hreinsað í þvottaturni (sjó) og efnþvottaturni, og loftinu úr verksmiðjunni dælt upp í háloftin.

Eftir að breytingum lauk er verksmiðjan nær eingöngu keyrð á rafmagni í stað olíu.

### Frávik frá

Grein 3.9 í starfsleyfi

### Lýsing á frávik

Fita í frárennsli mælist 479 mg/l sem er yfir losunarmörkum starfsleyfis.

## ANNAÐ

Skv. lið 4.2. í starfsleyfi liði b og c segir að mæla skuli fitu, svifefni og COD í frárennsli verksmiðjunnar árlega. Í fyrra var gerð athugasemd við þetta atriði en við eftirlit í lok október voru lagðar fram mælingar frá því í mars 2013.

Skv. upplýsingum verksmiðjustjóra hafa borist einhverjar kvartanir frá íbúum innst í bænum, sem eru lengst frá verksmiðju um ólykt frá bræðslu. Útblásturshraði verksmiðju er skv. hönnunarforsendum, en verið er að athuga hvort hægt sé að stærri mótór í blásara.

Reykjavík, 09.12.2013

*Hákon Hansson*

---

Hákon Hansson

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.